

Nd.

144. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Gils Guðmundsson, Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. 2. mgr. A. 1. liður laga nr. 46 16. apríl orðist svo:

Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit x 24.254.20, y 10.562.96, þaðan í punkt x 24.254.20, y 10.602.04, í punkt x 24.343.90, y 10.602.04, í punkt x 24.243.90, y 10.660.00, í punkt x 24.206.30, y 10.660.00, í punkt x 24.206.30, y 10.650.00, í punkt x 24.175.77, y 10.586.50 og í punkt x 24.055.00, y 10.625.00, öll hnit í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fyrir hönd bæjarsjóðs skal heimilt að taka eignarnámi fyrir fyrirhugaðar byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna erfðafestuland undir fiskverkunarreit, er liggur norðan Garðavegar meðfram takmörkum Hafnarfjarðar og Garðahrepps samkv. lóðarleigusamningi, útg. 12. maí 1927, upphaflega útgefnum til Hellyer Bros Ltd.

Um framkvæmd eignarnámsins fer samkv. lögum nr. 11 6. apríl 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkomulag hefur tekist milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og hreppsnefndar Garðahrepps um breytingar á mörkum þessara sveitarfélaga í samræmi við framangreint frumvarp.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði og sveitarstjórnin í Garðahreppi hafa ritað þingmönnum Reykjaneskjördæmis, sem sæti eiga í Nd., svo hljóðandi bréf:

Hafnarfirði, 13.12. 1974.

„Á árinu 1970 hófust viðræður milli stjórnar D.A.S. og Hafnarfjarðarbæjar um hugsanlega byggingu Elli- og hjúkrunarheimilis D.A.S. í Hafnarfirði. Lauk viðræðum þessara aðila þannig, að ákveðið var að byggja slíkt heimili á mörkum lögsagnarumdæma Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps.

Í tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar, sem bæjarstjórn auglýsti í febrúar 1974, er fyrirhuguð lóð fyrir dvalarheimilið merkt sem lóð fyrir stofnanir. Engar athugasemdir bárust við skipulagstillöguna varðandi þennan reit. Aðrar athugasemdir varðandi skipulagstillöguna eru í meðförum skipulagsnefndar bæjarins, og því hefur skipulagið enn ekki verið staðfest.

Er verið var að vinna að teikningum af dvalarheimilinu kom í ljós að lóð sú, sem Hafnarfjarðarbær ætlaði fyrir húsið, nægði ekki og þótti nauðsynlegt að hluti lóðarinnar yrði úr núverandi landi Garðahrepps.

Þegar skipulagsstjórn féllst ekki á, að húsið yrði reist í 2 lögsagnarumdæmum og félagsmálaráðuneytið staðfesti ályktun skipulagsstjórnar, náðist samkomulag milli sveitarfélaganna um þá breytingu á lögsagnarumdæmum þeirra, sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins, og verður samkvæmt því öll lóð hússins innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

Land það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, er 4816 m² að stærð í eigu Garðahrepps. Mun hreppsnefndin afsala landi þessu til Hafnarfjarðarbæjar, sem síðan leigir það sjómannadagsráði fyrir dvalarheimilið. Hluti lóðar þeirrar, sem Hafnarfjarðarbær ætlar undir dvalarheimilið úr sínu landi, er leigður á erfðafestu undir fiskverkunarreit samkv. samningi, dags. 12. maí 1927, og er núverandi réttihafi lóðarinnar Júpiter hf.

Forsvarsmenn Hafnarfjarðarbæjar hafa árangurslaust reynt að ná samkomulagi um kaup á reit þessum af réttihöfum hans. Er því óhjákvæmilegt að taka landið eignarnámi, og er rétt að það fari fram samkvæmt lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Vegna fyrirhugaðrar byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna í Hafnarfirði og þar sem heppilegust lóð fyrir dvalarheimilið liggur yfir lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðar og Garðahrepps hafa bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd Garðahrepps samþykkt að breyta lögsagnarumdæmismörkum sveitarfélaganna þannig að lóðir og bygging dvalarheimilisins verði öll í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Jafnframt því að senda yður, hv. alþingismenn, hjálögð drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögsagnarumdæmismörkunum og nauðsynlega heimild til eignarnáms ásamt greinargerð og uppdretti, leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, að þér hlutist til um að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum þessara sveitarfélaga, er samrýmist ofangreindum samþykktum sveitarfélaganna.“

Sveitarstjórnin í Garðahreppi,
Garðar Sigurgeirsson.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði,
Kristinn Ó. Guðmundsson.

Með vísun til framanritaðs er frv. þetta flutt.

Til þingm. Reykjaneskjördæmis,
Neðri deild Alþingis.